

V E T R A R M Æ L I N G A R 1952

VATNAMÆLINGAR

SKilagieru 36

afrit

MÁLABAND

442.2R-44

Vesturland, bréf nr. 1

Undirritaður, S. Rist, fór kl. 20 þ. 19. jan. 1952 frá Reykjavík með v/s Herðubreið áleiðis til Vestfjarðar. Komið var til Ísafjarðar kl. 15 næsta dag.

Fossá, Bolungarvík.

Fór frá Ísafirði kl. 20 þ. 20. jan. með línubátnum Vísi, sem lagði lóðir út af Bolungarvík. Þegar lóðir voru lagðar flutti báturinn mið á land í Bolungarvík, kl. 23. Fór frá Bolungarvík kl. 7 næsta morgun á skíðum að Gili, kom þangað kl. 8. Ólafur Zakkaríasson bóndi fylgdi mér að vhm í Fossá uppi á Reiðhjalla. Rennslið var 85 l/sek. þ.e.a.s. 65 l/sek pr km². Snjógryfjan niður að yfirfallinu var 5 m djúp. Þarna, á úrkomusvæði Fossár, er mikill snjór, vatnsgildi vart undir 2000 mm.

Gilsá, Bolungarvík.

Rennslið mælt nálægt 100 m hæð. $Q = 160$ l/sek þ.e.a.s. 16 l/sek pr km². Kom til Bolungarvíkur kl. 14 og fór með v/b Vísi til Ísafjarðar. Komið þangað kl. 16.

Húsadalsá, Mjóafirði.

Ætlaði inn í Djúp með þótbátnum Ver næsta morgun kl. 7 (22. jan.) en sökum óveðurs, norðaustan stórhriðar, var ferð bátsins frestað. Þ. 23. jan. var veðrið skárri og þá lagt af stað kl. 7 og 13 tímum síðar náði ég að Botni í Mjóafirði.

Kl. 7 næsta morgun lögðum við Gunnar Valdemarsson, Hörgshlíð, upp að Mýfluguvatni og vorum þar kl. 9,30. Skíðafæri var semilegt enda allt hulið snjó, nema steinar og urðakantar. Snjóðýpi neðan við ós Mýfluguvatns reyndist 2 m. Þarna mokuðum við snjó í þrjár stundir, samtals um 30 m³. Úr vatninu var nær ekkert rennsli, aðeins um 25 l/sek seig í gegnum krapstelli.

Húsadalsá hjá vhm flutti 175 l/sek. Við brutum allan ís nálægt vhm, svo að rennslið varð þar ótrufað. Álestur var 4 cm. Vmh er á góðum stað, hvað viðvíkur ísalögum.

Komum að Hörgshlíð kl. 19 eftir klukkustundar dvöl að Botni.

Karlmannaá við Mjóafjörð.

Kl. 7 þ. 25. jan. hólstég frá Hörgshlíð í áttina til Reykjafjarðar. Mældi Karlmannaá á leiðinni, $Q = 300$ l/sek. Þetta er mikið rennsli, borið saman við Húsadalsá. Að snjó- eða ísstífla hafi haldið vatninu inni einhvern tíma í vetur er ekki útilokað, en nú síðustu daga og vikur hefur rennslið haft greiðan gang úr vatninu, ef dæma skal eftir útlitinu við ósinn, sem var auður. Í október og að einhverju leyti í nóvember féll úrkomnan þarna sem rigning, en á sama tíma snjóaði stöðugt á úrkomusvæði Húsadalsár, sem liggur hæst.

Þverá, Nauteyri.

Kl. 11 kom ég að Reykjafirði (böndabænum) og fékk þar trillu yfir fjörðinn. Þennan dag var bjart og stillt veður með 15 stiga frosti. Vegna kuldans gekk erfiðlega að fá bátsvélina í gang, það tók þrjár stundir. Til Nauteyrar kom ég kl. 15 og tókst að mæla Þverá áður en myrkrið skall á. $Q = 290$ l/sek þ.e.a.s. $6,5$ l/sek pr km^2 . Álestur á vhm var 82. Hvert rennslið var ótrufflað verður ekki fullyrt, því 3 m fönns haldi gljúfrið, hún náði að vísu ekki niður í vatn þar sem grafið var í gegnum hana.

Kl. 7 næsta morgun (26. jan.) Lögðum við Páll Sigurðsson, Páls-sonar Nauteyri, af stað upp að Skúfnavötnum og komum þangað kl. 9. Veður: Norðaustan átt, lágrenningur, 16 stiga frost. Við Skúfnavötna var snjór yfir öllu aðeins steinn og steinn á stangli. Það yddaði á vörðurnar, sem ég hlóð s.l. haust við vatnsrennslismalistaðinn, þar gáfu því til kynna hvar áin var hulin undir. $Q = 180$ l/sek þ.e.a.s. $5,5$ l/sek pr km^2 . Uppi við Skúfnavötn í 390 m hæð var snjórinn hjarn, nema það sem fallið hafði síðustu daga, en hjá Mýfluguvatni, sem liggur aðeins 35 m herra, var snjórinn allur laus, þar hefur alldreif hlónað í vetur.

Við komum að Nauteyri aftur kl. 14 og náði ég í póstbátinn á Arngerðareyri, sem kom til Ísafjarðar kl. 24.

Langá, Engidal.

Mældi Langá 27. jan. kl. 14-17 með aðstoð Jóns Gestssonar rafstöðvarstjóra. Malistaður liggur nálægt 50 m herra en rafstöðin í Engidal og 600 m innar í dalnum. $Q = 85$ l/sek.

Vatnsdalsá og Þverá, Súgandafirði.

Kl. 7 þ. 28. jan. fór ég með póstbátinum Ver til Suðureyrar. Komið var þangað kl. 15. Starla Jónsson, oddviti, hafði útvegað mér Guðmund bónda Veturliðason, Bæ í Staðardal, sem fylgdarmann. Hraðaði ég ferð minni sem most ég mátti, því myrkrið var í nánd.

Neðan við Vatnsdalsvatn eru jökulhólar með stórgrýtttri jökulurð, þetta sveði kalla Súgfirðingar hraun. Ná rann Vatnsdalsá hvergi ofanjarðar úr vatninu, heldur kom hún undan hólunum að framan í nokkrum smálandum. Aðeins í miklum vatnavöxtum fellur kvísl úr vatninu fram yfir hólana, að því er Guðmundur upplýsti. Ég geti álitit að myndun þessara hóla sé áþekk myndun Vatnsdalshóla í Hónaþingi, að sneiðúr fjallinu (að sunnan) hafi sprungið fram á jökul niður í dalnum.

Fyrir norðan hólana þar sem kalderegnslisæðar Vatnsdalsár voru komnar saman var $Q = 160 \text{ l/sek þ.e.a.s. } 16 \text{ l/sek pr km}^2$.

Tunguá, Tungudal við Ísafjörð.

Reynslu mált 29. jan. kl. 10-12. Mælistaður nokkru ofar við Bunuá, $Q = 140 \text{ l/sek}$.

Mælingar þær, sem um getur hér að framan eru allar gerðar við lík veðurskilyrði, veðurhórku og engin léysing hefur átt sér stað meðan á þeim stóð.

Nú þegar ég rita þetta er ég á leið frá Ísafirði til Bíldudals með e/s Goðafossi.

29/1 '52

S. Rist.